

**Ed.**

## **258. Breytingartillaga**

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. Fyrri málgr. orðist svo:

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á samkvæmt fasteignamati. Innheimtu skattsins annast lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra, í Reykjavík lögmaður, gegn 2% innheimtulaunum. Skatturinn innheimtist samtímis fasteignaskatti til ríkissjóðs, og skal það fé, sem innheimtist, skiptast milli ríkissjóðs og bæjar- eða sveitarsjóðs í réttu hlutfalli við fjárhæð þá, sem hvorum þeirra ber að fá, ef skattur til beggja greiðist ekki að fullu. Innheimtumenn skattsins gera bæjar- og sveitarstjórnnum reikningsskil ársfjórðungslega.

Heimilt er þó bæjarstjórnnum og hreppsnefndum að annast sjálfar innheimtu skattsins.